

Nd.

447. Breytingartillögur

við frv. til laga um skemtanaskatt.

Frá Gísla Sveinssyni.

1. 1. gr. frv. orðist svo:

Með reglugerð, sem bæjarstjórn eða hreppsnefnd semur og dóms-
málaráðherra staðfestir, skal heimilt að leggja skatt á skemtanir fyrir al-

menning, sem aðganga er seld að, aðrar en þær, sem einvörðungu eru söngskemtanir eða reglulegar leiksýningar, eða málverka-, höggmynda- og dráttmyndasýningar. Þó skal bæjar- eða sveitarstjórnnum heimilt að undanþiggja enn fremur skatti þessum aðrar skemtanir, er sjerstakar ástæður mæla með því, svo sem ef þær eru haldnar í góðgerðaskyni eða fræðslu.

2. Upphaf síðara málsliðar 2. gr. orðist svo:

Skatturinn rennur að $\frac{2}{3}$ hlutum í landssjóð, en að $\frac{1}{3}$ í bæjar- eða sveitarsjóð, o. s. frv.